

1. Fasteign við Hafnargötu nr. 53, svonefndri „Pöntun“. 116
2. Fasteignum við Hafnargötu nr. 46, nr. 48, nr. 43, nr. 49 og nr. 51, svo- 6. des.
nefndar „Wathnes“-eignir.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. þ. m. og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

A U G L Ý S I N G

117
7. des.

**kirkjumálaráðuneytisins á reglum um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum
og um eftirlit með þeim.**

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 63, frá 1931, um hýsing prestssetra, eru hér með settar eftirfarandi

R E G L U R

um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum og um eftirlit með þeim.

1. gr.

Þegar íbúðarhús hefir verið reist á prestssetri með styrk af opinberu fé, þ. e. með framlagi svo sem lög nr. 63, 8. sept. 1931 um hýsingu prestssetra, mæla fyrir, og með embættisláni, skal fara fram nákvæm skoðunargerð á húsinu.

2. gr.

Skoðunargerð þessi skal framkvæmd af prófasti ásamt tveimur byggingafróðum mönnum, sem hann hefir til þess kjörið.

3. gr.

Kostnaður við skoðunargerð þessa greiðist af opinberu fé.

4. gr.

Að aflokinni skoðunargerð sendir prófastur biskupi nákvæma skýrslu um hana í tveim eintökum, en biskup sendir kirkjumálaráðuneytinu annað þeirra.

117

7. des.

Prófastur skal vandlega athuga hvort fylgt hefir verið uppdrætti þeim, sem gerður hafði verið og samþykktur af ráðuneytinu, að því er snertir herbergjaskipun og herbergjastærð, og taka fram í skoðunargerðinni ef vikið hefir verið frá henni, nema heimild hafi verið frá ráðuneytinu til að breyta frá uppdrættinum.

6. gr.

Í skýrslunni skal tekið fram úr hvaða efni húsið er gert. Ennfremur stærð hússins herbergjaskipun og herbergjafjölda á hverri hæð svo og stærð hvers herbergis. Einnig skal tekið fram hve margar hurðir eru á hverju herbergi og hve margir gluggar og rúðufjöldi í hverjum glugga. Þá skal og tekið fram hvernig herbergin eru útbúin að lofti og veggjum, málning þeirra og veggfóðrun. Úr hvaða efni skilrúm eru milli herbergja og hvernig háttað er stigum innan húss, lýsingu (ef um raflýsingu er að ræða, lampastæðafjölda í hverju herbergi), vatnsleiðslu og eldfærum eða hitunartækjum. Loks skal lýst hvernig frá húsinu er gengið að utan, bæði á veggjum og þaki, málningu þess, þakrennum og útitróppum.

7. gr.

Eigi má prestur gera neina breytingu á herbergjaskipun í embættisibúð sinni nema með ráði prófasts og byggingarfróðs manns, að fengnu samþykki húsameistara og kirkjustjórnar.

8. gr.

Skylt er presti að gæta þess að húsið sé að öllu leyti vel um gengið af hans hálfu og heimilisfólks hans, og að hafa nákvæmt eftirlit með því, að ekkert skemmist af mannavöldum eða fyrir vanhirðu.

9. gr.

Skylt er presti að halda húsinu vátryggðu gegn eldsvoða í Brunabótafélagi Íslands fyrir þá upphæð, sem virðingarmenn brunabótafélagsins ákveða. Sé iðgjald ekki greitt á tilsettum tíma skal það tilkynnt biskupi, sem sér um að það verði tekið af launum prestsins hjá ríkisféhirði.

10. gr.

Þá skal prestur og greiða árlega í Fyrningarsjóð prestakalla $\frac{1}{2}\%$ af styrk þeim, sem veittur hefir verið til byggingarinnar, þó aldrei meira en af 12000 krónum. Sér biskup um, að fyrningargjaldinu sé haldið eftir af launum prestsins með $\frac{1}{12}$ á mánuði hverjum, og skal ávaxta féð í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups.

11. gr.

Skylt er presti jafnan að búa í embættisibúð, sem reist hefir verið á prestssetri hans, nema sérstakt leyfi biskups komi til.

12. gr.

117
7. des.

Hvenær sem prófastur visiterar í prestakallinu, er honum einnig skylt að skoða embættisibúð prestsins og kveður sér til aðstoðar við skoðunina byggingarfróðan mann ásamt einum manni úr sóknarnefnd hlutaðeigandi sóknar. Sé prófasturinn sjálfur ábúandi prestssetursins, kveður hann — með samþykki biskups — einhvern af prestum héraðsins til að framkvæma skoðunina.

13. gr.

Prófastur bókfærir þessa skoðunargerð sína í visitaziubók prófastsdæmisins og sendir biskupi afrit hennar ásamt visitaziugerðum kirknanna.

14. gr.

Þessa skoðun gerir prófastur með sérstakri hliðsjón á skoðunargerð þeirri, sem fram fór á húsinu nýreistu. Skal þar lýst öllum þeim göllum, sem í ljós hafa komið við skoðunina.

15. gr.

Öllum minni háttar göllum, sem í ljós koma við skoðunina, er presti skylt að bæta úr. Er þar sérstaklega átt við sjáanlegan fúa, við skemmdir á gluggum, á veggfóðri í herbergjum, á gólfdukkum, á eldfærum, og hitunartækjum eða hurðalæsingum, og annað sem ekki telst til eðlilegrar fyrningar á húsum. Skylt er prófasti að gæta þess, að úr slíkum göllum verði bætt eins fljótt og því verður við komið.

16. gr.

Láti prestur undir höfuð leggjast að bæta úr göllum, sem í ljós hafa komið við skoðun hússins og prófastur lagt fyrir presta að bæta, þá tilkynnir prófastur kirkjustjórninni og getur þá kirkjustjórnin látið aðgerð fara fram á kostnað prestsins og tekið greiðslu kostnaðarins af launum hans.

17. gr.

Aðrar skemmdir á prestsibúðum, sem í ljós koma við skoðun prófasts og presti verður ekki gefin sök á, tilkynnir prófastur kirkjustjórninni um hendur biskups. Að fenginni tilkynningu prófasts um þetta ber kirkjustjórn málið undir húsameistara ríkisins og álitu hann þörf skjótra aðgerða, lætur hún framkvæma aðgerðina á kostnað hins opinbera og felur hana þar til hæfum manni.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 7. desember 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.